# ✉️ Re: 2209029 - Lýsing send til umsagnar

| | |
|---|---|
| Búið til | 28.2.2023 17:10:56 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 28.2.2023 17:10:55 |
| Tilheyrir | 202302-0012 - Árhús á Hellu, deiliskipulag til uppbyggingar -ósk um umsögn. |

---

## Efni

Re: 2209029 - Lýsing send til umsagnar

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sent | 28.2.2023 17:10:55 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | birgir@ry.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Komdu sæll,

Tilvísun í mál nr. 202302-0012.

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra, dags. 7. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu að deiliskipulagi vegna uppbyggingar að Árhúsum á Hellu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna en stefnt er að uppbyggingu ferðaþjónustu með því að færa til núverandi smáhýsi innan svæðis og að byggja tvö aðskilin hotel, eitt 3200 fermetrar á tveimur hæðum með 70 herbergjum og annað um 1800 fermetrar á tveimur hæðum með 12 herbergjum. Um töluverða uppbyggingu er að ræða en hún fer að mestu fram á þegar röskuðu svæði eða á ræktuðu landi. Ekki verður því rask á gróðurlendi/vistgerðum með hátt verndargildi eða mikilvægum búsvæðum fugla.

Uppbyggingin er staðsett nálægt Ytri-Rangá og er það einkum áhrif hennar og starfsemi ferðaþjónustunnar á lífríkis ánnar sem huga þarf að og meta við gerð deiliskipulagsins. Leita ætti umsagna til Hafrannsóknarstofnunar og Fiskistofu varðandi fiskistofna í ánni og möguleg áhrif á þá, en einnig ætti að huga að fuglalífi sem getur orðið fyrir truflunum af aukinni starfsemi. Skilmálar um fráveitu eru mikilvægir í þessu samhengi.

Almennt ætti að forðast allt óþarfa rask, sérstaklega nálægt bökkum Ytri-Rangár.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,


Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.............................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS


---

**From:** "Haraldur Birgir Haraldsson" <birgir@ry.is>
**To:** "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Veitur" <veitur@veitur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>
**Subject:** 2209029 - Lýsing send til umsagnar
**Date:** 7.2.2023 10:29:18

Góðan dag
Vinsamlegast gefið mér umsögn vegna meðfylgjandi lýsingar að deiliskipulagi vegna uppbyggingar að Árhúsum á Hellu, takk fyrir.
Frestur til athugasemda er til 1. mars nk.
Tilheyrandi breyting á aðalskipulagi er í vinnslu og er stefnt að því að tillaga deiliskipulagsins verði auglýst eftir að sú breyting hefur átt sér stað.

Með kveðju,

Haraldur **Birgir Haraldsson**
**Skipulags- og byggingafulltrúi**

**Sími** 4887000
**Heimasíða** www.ry.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ry.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C5d32f7348b1943a7680d08db08f607a0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638113625583579130%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=8B9OFsu76fJ2yFdDsQJiiog59d2R9v5xXVuu4s3bXAE%3D&reserved=0)
**Facebook** /rangarthing-ytra (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2FRang%25C3%25A1r%25C3%25BEing-ytra-349403531824425&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C5d32f7348b1943a7680d08db08f607a0%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638113625583579130%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=fCAIbiDncg2TULC9nYhOCPBW5pQkLyTiviLqIuEO2lA%3D&reserved=0)
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.